


Brunavarnaáætlun
2020 - 2025



fyrir starfssvæði
Slökkviliðs Norðurlings



Efnisyfirlit:

Markmið brunavarnaráætlunar	1
Gerð og efni brunavarnaráætlunar	1
Gerð og efni brunavarnaráætlunar	1
Endurskoðun brunavarnaráætlunar	2
Samráð við gerð áætlunarinnar	2
Samþykkt og kynning áætlunarinnar	3
Undirritun áætlunarinnar	3
1. Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins	4
Áhættumat Húsavík	4
Kópasker	4
Raufarhöfn	4
PCC Bakki	5
Aðrar áhættur	6
2. Þjónustustig	7
Lögbundin verkefni	7
Önnur verkefni	8
3. Skipulag slökkviliðs	9
3.1. Skipulag	9-10
Skipurit	11
3.2. Forvarnarstarf	12
3.3. Útkallsstarf	13
3.3.1. Tækni og þróunarsvið	13
3.3.2. Útkallssvið	14
3.3.3. Helstu verkefni	14
3.4. Önnur verkefni	15
3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð	15
3.5.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf	15
3.5.2. Svar og greiningartími	15
3.5.3. Boðunartími	15
3.5.4. Virkjunartími	15
3.5.5. Viðbragðstími	16
3.6. Útkallstími	17
3.6.1. Húsavík	17
3.6.2. Kópasker	18
3.6.3. Raufarhöfn	19
4. Húsnæði og tækjabúnaður	20
4.1. Húsnæði	21
Bifreiðar	21
4.2. Búnaður	22-30
4.3. Æfingasvæði	30

1. Slökkvivatn	31
Vatnsverndarsvæði Húsavík	32
Kópasker	33
Raufarhöfn	33
2. Sérstakar bruna og mengunarhættur	34
3. Samkomulag og samningar	35
4. Framkvæmdaáætlun	35
Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun	36-37
Hafnir og mörk þeirra	38
Reglugerð um hafnir Norðurþings	38-39
Kort af Húsavíkurhöfn	40
Kort af Kópaskershöfn	41
Kort af Raufarhafnarhöfn	41
Flugvellir og varaafisstöðvar	42
Skoðunarskylda eldvarnareftirlits	43
Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn	Tvisvar á ári 43
Húsavík	Einu sinni á ári 43
Öxarfjörður, Kelduhverfi, Raufarhöfn og Tjörnes	Einu sinni á ári 44
Húsavík	Annað hvert ár 45
Öxarfjörður, Kelduhverfi, Raufarhöfn og Tjörnes	Annað hvert ár 46
Húsavík	Þriðja hvert ár 46
Öxarfjörður, Kelduhverfi	Þriðja hvert ár 47
Kópasker, Tjörnes	Þriðja hvert ár 48
Æfingaáætlun fyrir Slökkvilið Norðurþings	49
Menntunaráætlun fyrir Slökkvilið Norðurþings	50
Dreifingarlisti	51
Heimildir	51

Markmið brunavarnaáætlunar

Leiðarljós SN með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið 1. gr laga um brunavarnir nr. 75/2000:

„Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnarefirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.“

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000,:

„Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“

Jafnframt er eitt af megin markmiðunum SN með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

Gerð og efni brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.“

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra SN eftir leiðbeiningum nr. 6.042 sem Mannvirkjastofnun gefur út um gerð þeirra.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarna aðstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Til eru viðbragðsáætlanir almannavarna sem byggja á áhættumati á flestum þeim atburðum sem taldir eru geta orðið í samfélaginu. Gerðar hafa verið slökkvíáætlanir fyrir allar stærstu áhætturnar í sveitarfélaginu sem aðgengilegar eru í öllum bílum liðsins. Mengunarvarnaráætlun er til fyrir starfsemi hafna sveitarfélagsins, og sérstök viðbragðsáætlun hefur verið gerð vegna starfsemi PCC á Bakka við Húsavík.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d. slökkvíáætlanir og mengunarvarnaáætlanir þær stærstu og samfélagsl. mikilvægustu.)

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- *tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur*
- *fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg*
- *nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi*
- *slökkvistöðvar slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins*

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- *endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins*
- *bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og hjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir*
- *tryggja aðstöð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum*
- *auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana*
- *gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins*

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir SN. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- Öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum (Þar sem samningur um brunavarnir er í gildi)
- Áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum (Þar sem samningur um brunavarnir er í gildi)
- Öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. 1. mgr. laga um brunavarnir nr. 75/2000

“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar

Eftirtöldum aðilum var gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaáætlunar SN.

- *Almannavarnarnefnd Þingeyinga*
- *Mannvirkjastofnun*
- *Sveitarstjórn Norðurlands*
- *Hreppsnefnd Tjörneshrepps*
- *Skipulags og framkvæmdaráð Norðurlands*
- *Lögreglan á Norðurlandi eystra*
- *Slökkviliðsstjórnin í Þingeyjarsveit*
- *Slökkviliðsstjórnin í Langanesbyggð*
- *Slökkviliðsstjórnin Akureyri*

Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar


Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Norðurbings (SN) samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.


Húsavík 7 / 2 "20

F.h Slökkviliðs Norðurbings




Grímur Kárasón
slökkviliðsstjóri

F.h Norðurbings




Kristján Þór Magnússon

F.h Tjörneshrepps



Aðalsteinn Halldórsson

F.h Mannvirkjastofnunar



Davíð Sigurður Snorrason

1. Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

Eldvarnareftirliti er sinnt í fullu starfi á starfssvæðinu og niðurstöður þeirrar vinnu leggja grunninn að áhættumati fyrir mannvirki á svæðinu. Helstu áhættur á svæðinu eru á stærðarbilinu 650 – 5.100 m² slökkvíáætlanir hafa verið gerðar fyrir þessi mannvirki og er áætluð slökkvivatnsþörf þeirra á bilinu 2.000 – 6.000 ltr. á mínútu.

Húsavík:

Húsnæði Húsasmiðjununnar er um 3.000 m². Slökkvíáætlun gerir ráð fyrir allt að 3.500 ltr.á mín þurfi við verstu aðstæður til slökkvistarfa. Vatnsveita sveitarfélagsins við bygginguna gefur um 4.500 ltr. á mín. Auk þess eru um 10.000. ltr á bílum liðsins sem duga til að hefja slökkvistörf strax við komu á vettvang áður en önnur vatnsöflun er tryggð að bílum. Dælugeta bíla liðsins er um 7.500 ltr á mín og gert er ráð fyrir að allt að 15 menn þurfi til slökkvistarfa við verstu aðstæður.

Dvalarheimilið Hvammur er 3.840 m² að stærð. Húsið er steinsteypt og vel brunahólfað. Slökkvíáætlun gerir ráð fyrir allt að 2.500 ltr.á mín þurfi til slökkvistarfa í mannvirkinu og allt að 1.000 ltr til að verja tengibygginu að sjúkrahúsi. Vatnsveita sveitarfélagsins við bygginguna gefur um 4.000 ltr. á mín. Gert er ráð fyrir að 15 – 20 menn þurfi til slökkvistarfa og rýmingar hússins.

Kópasker:

Sláturhús Fjallalambs er um 3.000 m². Húsið er steinsteypt og þökkalega brunahólfað slökkvíáætlun gerir ráð fyrir allt að 3.500 ltr á mín til slökkvistarfa. Vatnsveita sveitarfélagsins við bygginguna gefur um 2.500 ltr. á mín. Húsið stendur við sjó og gert er ráð fyrir því að ná allt að 1.800 ltr. af sjó með lausri dælu. Dælugeta slökkviliðsins er um 4.800 ltr. á mín. Gert er ráð fyrir því að allt að 15 menn þurfi til slökkvistarfa, aðstoð kemur frá Húsavík ef á þarf að halda.

Raufarhöfn:

Grunnskólinn á Raufarhöfn er um 1.200 m² steinsteypt bygging á tveimur hæðum og með kjallara. Húsið er ágætlega brunahólfað og gert er ráð fyrir að allt að 3.000 ltr.á mín geti þurft til slökkvistarfa og til að verja íþróttahús sem stendur 25 metra norðan við skólahúsið. Vatnsveita sveitarfélagsins við bygginguna gefur um 4.000 ltr. á mín. Dælugeta slökkviliðsins er um 5.000 ltr. á mín. og gert er ráð fyrir að allt að 12 menn geti þurft til slökkvistarfa.

Slökkvíáætlanir eru til fyrir allar stærri og samfélagslega mikilvægar áhættur innan starfssvæðisins.

Á Húsavík eru 24 menn og þar eru 5 menn á bakvakt á dagtíma og 4 um nætur og helgar sem tryggir mætingu á fyrsta viðbragði í útköllum. Slökkviliðsstjóri, vara slökkviliðsstjóri eða vakthafandi varðstjóri eru stjórnendur hópsins hverju sinni. Á Kópaskeri og Raufarhöfn eru 18 menn á hvorum stað og þar er einnig bakvakt allan sólahringinn sem stjórnað er af vakthafandi varðstjóra.

Vatnsöflun við alla þessa staði úr veitukerfi sveitarfélagsins og nálægum vatnsbólum uppfyllir slökkvivatnsþörf þessara mannvirkja. Auk þess eru um 10.000. ltr á bílum liðsins sem duga til að hefja slökkvistörf strax við komu á vettvang áður en önnur vatnsöflun er tryggð að bílum.

Heildarflatarmál mannvirkja PCC Bakkisilicon ehf að Bakkavegi 2, 640 Húsavík er um 37.975 m² allar byggingarnar eru brunahannaðar og uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og laga um brunavarnir nr. 75/2000. Uppreiknuð slökkvivatnsþörf á svæðinu er á bilinu 3.600 – 5.500 ltr á mínútu. Sjálfvirk slökkvikerfi eru í spennarýmum verksmiðjunnar og stigleiðslur í hæstu mannvirkjunum.

17 brunahanar eru á lóðinni og afkastageta þeirra er 6.500 ltr á mín með 6 kg þrýstingi.

Sérstök viðbragðsáætlun hefur verið gerð fyrir svæðið

PCC Bakkisilicon (sérstök viðbragðsáætlun)

Starfssvæði verksmiðjunnar er staðsett að Bakkavegi 2, sem er um 4 km. Norðan við Húsavík í landi Bakka. Heildarflatarmál lóðar fyrirtækisins er um 24 ha.

Heildarflatarmál bygginga á svæðinu er 37.975 m², gólfplatarmál þeirra er um 160.000 m².

Helstu mannvirki á svæðinu eru ofnhús, kolageymsla, pokasíuhús, verkstæði, spennabyggingar og skrifstofubygging. Einnig er 3.000 m² útigeymslusvæði fyrir timbur á svæðinu.

Ofnhúsið er hæsta byggingin á svæðinu um 50 metra há og um 16.543 m² að stærð, aðgengi slökkviliðs er að austaverðu á húsinu þar eru tveir eldtraustir stigagangar með sjálfvirkum reyklosunarbúnaði og standpipe lagnir liggja upp eftir því öllu með krönum og úrtökum fyrir slöngur á hverri hæð. Aðgengi að jarðhæð byggingarinnar er mögulegt bæði sunnan og norðan frá.

Kolageymsluhús er stálgrindarhús á einni hæð mikið opið og vel loftræst. Húsið er 3.666 m² með átta inngöngum, innmötun í húsið er eftir færriböndum sem hanga í lofti.

Pokasíuhús er um 400 m² bygging um 25 metra há. Standpipe lögn er á húsinu til nota fyrir slökkviliðið.

Verkstæði Stálgrindarhús á einni hæð um 1.500 m² allar olfubirgðir eru geymdar í sérgeymslu utanhúss sem innangengt er í af verkstæðinu um EI60 hurð.

Spennabyggingar Eru nokkrar á svæðinu frá 200 m² upp í 1.250 m²

Skrifstofubygging Staðsett á norðaustur horni lóðarinnar er um 2.400 m² á einni hæð. Húsið er allt brunahólfað.

Fljótandi súrefnis og köfnunarefnistankar eru staðsettir norðan við ofnhúsbyggingu, súrefnistankar eru niðurgrafnir. Viðvörunarkerfi er á svæðinu bæði ljós og hljóðbúnaður tengdur öðrum viðvörunarkerfum á svæðinu.

Viðarkurl er geymt í opnu 1.622 m² skýli norðarlega á lóðinni.

Samtengt brunaviðvörunarkerfi er í öllum mannvirkjum á svæðinu þjónustað af viðurkenndum aðila.

Slökkvivatnsþörf á svæðinu er á bilinu 3.600 – 5.500 ltr.pr.mín

Aðgengi að flestum mannvirkjum er gott og á svæðinu eru 17 brunahanar og afkastageta þeirra er 6.500 ltr á mín með 6 kg þrýstingi. Vatnsskortur mun ekki hamlá slökkvistörfum

Starfsmannafjöldi á svæðinu er mestur um 120 á dagvinnutíma, annan tíma sólahrings vinna á svæðinu c.a. 40 manns.

Akstursleiðir að lóðinni eru þrjár, um Norðausturveg rétt norðan Bakkaár. Um jarðgöng er hægt að velja um tvær innkeyrslur á lóðina sú efri liggur meðfram kolageymslu en sú neðri liggur neðan alla mannvikja á lóðinni. Hægt er að hringkeyra um lóðina sama hvaða leið er valin.

Öll mannvirki á svæðinu eru brunahönnuð og uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2000 og laga um brunavarnir nr. 75/2000. Allir starfsmenn á svæðinu hafa fengið bóklega og verklega fræðslu um notkun handslökkvitækja hjá slökkviliðinu og sú fræðsla er endurtekin er tvisvar á ári.

Starfsmenn eru þjálfaðir í fyrstu viðbrögðum við atburði tvisvar sinnum á ári af slökkviliðinu. Æfingar eru haldnar með starfsfólki þrisvar sinnum á ári.

Keyptur hefur verið búnaður til að ráða betur við aðstæður sem skapast geta á svæðinu, m.a. bifreið

Bens Sprinter 519 CDI 4x4 árgerð 2018. í bílnum er ONE Seven 1000 FF dæla og þrír reykklöfunarstólar, reykblásari, hitamyndavélar tveir 3.800 ltr. mónitorar og slöngur.

Bætt var við einu föstu 100 % stöðugildi hjá liðinu og eru þau þrjú, auk tveggja manna á bakvakt með þeim á dagtímanum. Fimm einstaklingar sinna bakvakt frá 16.00 – 08.00 á virkum dögum og frá 16.00 á föstudegi til 08.00 á mánudegi.

Með þessu fyrirkomulagi er tryggt viðbragð fyrstu áhafnar allan sólahringinn allt árið innan þess tíma sem fram kemur í þjónustigslýsingu í áætluninni. Þess utan er 24 manna virkur hlutastarfandi hópur í liðinu sem hefur verið með um 80% mætingu í útköllum hjá liðinu sem kemur innan fárra mínútna til viðbótar við fyrstu áhöfn

Hér fyrir neðan er listi yfir aðrar þær áhættur sem eru ráðandi á starfsvæði slökkviliðsins bæði hvað varðar mannafla og slökkvivatn. Niðurstöður eldvarnareftirlitsskoðana og vettvangsheimsókna hafa leitt í ljós að sum þessara mannvirkja eru ekki nægjanlega vel brunahólfuð og geta þess vegna krafist sértækra aðgerða. Sum þessara mannvirkja kalla á fulla mönnun sökum stærðar eða út frá samfélagslegu mikilvægi. Slökkviáætlanir hafa verið gerðar fyrir þessi mannvirki. Eftirfarandi áhættur geta krafist allt að 15 slökkviliðsmanna og allt að 5.500 ltr. slökkvivatnsþarfar.

Á Húsavík;

- *Hvammur Dvalarheimili aldraðra* * *Heilbrigðisstofnun Þingeyinga*
- *Borgarhólsskóli á Húsavík* * *Leikskólinn Grænuvellir*
- *Framhaldsskólinn Húsavík* * *Foss Hótel Húsavík*
- *Sláturhús Norðlenska* * *GPG Fiskverkun hafnarsvæði*
- *Garðarsbraut 5. Verslunarhúsnæði* * *Safnahúsið Stóragarði 17*
- *Húsasmiðjan Vallholtsvegi*
- *Héðinsbraut 4. Kjötvinnsla og fiskvinnsla ásamt geymslu húsnæði*
- *Vélsmiðjan Grímur Garðarsbraut 48. {sambyggt bílaverkstæði flytjanda}*
- *Garðarsbraut 50 -56. Íbúð og Bílaþjónustan*
- *Garðarsbraut 64. Verslun, í suðurenda er bensín afgreiðsla Olís*

Á Kópaskeri;

- *Fjallalamb sláturhús*
- *Grunnskólinn Kópaskeri*
- *Grunnskóli Lundi Öxarfirði*
- *Silfurstjarnan hf Núpi Öxarfirði*
- *Skerjakolla verslun*
- *Skúlagarður ferðaþjónusta*
- *Íþróttahús Lundi Öxarfirði*

Á Raufarhöfn;

- *Grunnskóli Raufarhafnar* * *Félagsheimilið Hnitbjörg Raufarhöfn*
- *Hótel Norðurljós Raufarhöfn* * *Hreiðrið gistiheimili*
- *Íþróttahúsið á Raufarhöfn* * *Sundlaugin á Raufarhöfn*
- *GPG fiskverkun*

2. Þjónustustig

Lögbundin verkefni

Þjónustu slökkviliðsins er skipt upp í eftirfarandi fimm megin þjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn SN hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Alls eru fimmtíu og fimm meðlimir í liðinu og skiptast nokkuð jafnt á alla þrjá útkallsstaði liðsins. Þjálfun og hæfi skal vera í samræmi við 17. gr. laga nr. 75. / 2000.

2. Slökkvistarfi innanhúss og reykköfun

Slökkvilið Norðurþings sinnir slökkvistarfi innanhúss. Um þriðjungur slökkviliðsmanna SN eru með gild reykköfunarréttindi Reynt er að tryggja að alltaf sé meirihluti slökkviliðsmanna með gild réttindi miðað við þjónustustig. Þjálfun skal vera í samræmi við 17. gr. laga nr. 75/2000. Svo og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað nr.1088/ 2013.

3. Viðbrögð við mengunar - eiturefnaslysum og eiturefnaköfun

Grunnbúnaður vegna mengunar- og eiturefnaslysa er til hjá slökkviliðinu á Húsavík. Tíu manna tækjahópur af stöðinni á Húsavík hefur sótt námskeið og fengið grunnþjálfun í viðbrögðum við mengunar og eiturefnaslysum og sér um þetta hlutverk innan liðsins í sveitarfélaginu öllu.

Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda er til hjá Höfnum Norðurþings.

Í kafla 7. Í hópslysaáætlun almannavarna fyrir umdæmið eru fyrirskrifuð viðbrögð og boðunaráætlun vegna stærri atburða mengunarslysa en daglegt viðbragð ræður við. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna er í takt við kröfur Mannvirkjastofnunar. Leitað verður eftir aðstoð slökkviliðsins á Akureyri í stærri mengunarslysum sem hefur yfir að ráða meiri búnaði og sérþekkingu.

4. Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum

Slökkvilið Norðurþings hefur til umráða búnað til björgunar m.a. úr bílflökum á öllum sínum útkallsstöðum, þ.e. á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn og sinnir slíkum verkefnum í samræmi við 3. mgr. 11. gr. laga nr. 75/2000 Slökkviliðsmenn hafa allir fengið grunnþjálfun og eru æfðir í meðferð og notkun þeirra.

5. Eldvarnareftirlit

Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við við 12. gr . laga nr. 75. / 2000. svo og reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun, nr. 747 / 2018. Slökkviliðið sinnir eldvarnareftirliti í fullu starfi á starfssvæði sínu.

Þjónustustig SN er samkvæmt ofantöldu. 1, 2, 3, 4, 5

Önnur verkefni slökkviliðs

Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig annari þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, dælingar úr skipum samkvæmt beiðni 14o.fl.

Slökkvitækjahleðsla

Á slökkvistöðinni á Húsavík er slökkvitækjapjónusta. Í dag hafa þrír menn menntun og réttindi til að sinna þessum verkþætti.

Slökkvistörf í skipum

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum og bátum sem staðsett eru í höfnum í sveitarfélaginu. Við virkjun almannavarnaáætlunar vegna hópslyss á sjó sinnir liðið einnig slökkvi og björgunarstörfum á sjó allt að 12 mílur frá landi.

Flugvellir

Einn flugvöllur er í rekstri í sveitarfélaginu og er hann staðsettur í Aðaldalshrauni. Isavia sér um slökkvi og björgunarstörf gagnvart flugumferð en slökkvilið Norðurlþings sinnir slökkvistöfum í byggingum á flugvöllum. Slökkviliðið sinnir einnig auk þess hlutverki sínu í almannavarnaáætlunum þeim sem til eru fyrir flugvöllina.

Sjúkraflutningar

Slökkviliðið sinnir hluta sjúkraflutninga á svæði HSN Húsavík. Í liðinu eru 6 neyðarflutningsmenntaðir menn auk 4 með grunnmenntun sjúkraflutninga

Vettvangsliðar

Slökkviliðið gerir út tvo menntaða 10 manna vettvangsliðahópa á Kópaskeri og Raufarhöfn. Hóparnir sinna veikinda og slysaútköllum á sínu svæði til aðstoðar við sjúkrabíl frá Húsavík eða Raufarhöfn eða Þórshöfn.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Slökkvilið Norðurlþings sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra eða lögreglu. Skriflegir samningar eru um þessa samvinnu en viðkomandi sveitarfélag greiðir viðkomandi útkall samkvæmt reikningi.

Slökkvilið Norðurlþings getur einnig óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum og í gildi eru samningar við slökkvilið Þingeyjarsveitar, slökkvilið Langanesbyggðar og slökkvilið Akureyrar um aðstoð og greiðir SN samkvæmt reikningi fyrir útköll sem þau sinna utan sinna starfssvæða.

3. Skipulag slökkviliðs

3.1. Skipulag

Skipurit fyrir SN er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.

Hjá SN eru Slökkviliðsstjóri, Varaslökkviliðsstjóri og Aðalvarðstjóri í 100% stöðum auk þriggja aðstoðarvarðstjóra sem sinna launuðum bakvöktum á móti öðrum stjórnendum á Húsavík.

Á Kópaskeri og Raufarhöfn skipta þrír menn á hvorum stað með sér bakvöktum. Auk þess eru 56 hlutastarfandi slökkviliðsmenn í liðinu 24 á Húsavík, 16 á Kópaskeri og 16 á Raufarhöfn.

Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita og slökkviliðsins. Brunavarnir eru hluti af almannavarnarkerfi Þingeyinga og sinna þarf brunavörnum, mengunavörnum og björgun fólks í samvinnu við aðra björgunaraðila.

Skriflegir samningar eru á milli Slökkviliðs Norðurlands og slökkviliðs Þingeyjarsveitar, slökkviliðs Langanesbyggðar og slökkviliðs Akureyrar.

Gerðar hafa verið viðbragðsáætlanir almannavarna á svæðinu þar sem hlutverk viðbragðsaðila hafa verið skilgreind og æfð. Heildar fjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 30 á starfssvæðinu og alls eru 8 lögreglumenn á vegum lögreglunnar á Norðurlandi eystra á Húsavík.

Björgunarsveitir eru á Húsavík, Þingeyjarsveit, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Alls eru yfirmenn slökkviliðsins átta, Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, aðalvarðstjóri og fimm aðstoðarvarðstjórar. Í stjórnstöð eru einn til tveir menn þegar útkall stendur yfir. Menntunaráætlun liðsins tekur breytingum í takt við þarfir og breytingar í samfélaginu.

Slökkvilið Norðurlands er með þrjá starfsmenn í fullu starfi á dagvinnutíma 8-16 auk tveggja bakvaktar starfsmanna á dagtíma. Fimm einstaklingar sinna launaðri bakvakt frá 16-08 virka daga og um helgar og uppfyllir SN með því kröfur 20. gr. reglugerðar nr. 727/2018 um starfsemi slökkviliða.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur SN á grundvelli laga, reglugerða og samninga. Slökkviliðsstjóri skipar staðgengla sína, að jafnaði skulu vera sex menn sem skipta með sér bakvöktum stjórnanda allt árið. Bakvaktarmaður á hverjum stað fyrir sig er stjórnandi og stýrir liðinu í útköllum á sinni vakt sé slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri eða aðalvarðstjóri ekki á staðnum. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri eða aðalvarðstjóri þá ábyrgð. Allir verkferlar eru unnir samkvæmt lýsingum í gæðabók.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- *stjórna starfseminni og samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett*
- *sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur SN og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma*
- *stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins*
- *sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt*
- *stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni*
- *vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig*
- *stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum*
- *Öll áætlanagerð (slökkvi, mengunar, brunavarnaáætlana)*

Sinna öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Unnið er með flutning vatns á eldstað með tankbílum. Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun.

Slökkviliðið sér um slökkvistarf í skipum og bátum sem eru bundin við bryggjur og utan þeirra í almannavarna ástandi. Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf í nágrennasveitarfélögum samkvæmt beiðni og samningum. Þessum þáttum er sinnt frá þeim útkallsstað liðsins sem næstur er og æfingar miðast við að allir geti unnið þau störf.


Eldvarnareftirliti og þjónusta slökkvitækja er eingöngu sinnt frá slökkvistöðinni á Húsavík. Eldvarnareftirlit SN sinnir eftirliti á öllu starfsvæðinu. Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseiganda og/eða að kröfu slökkviliðsstjóra og ýmis vinna þar sem tækjabúnaður slökkviliðsins er notaður t.d. dæling og þvottur er sinnt af slökkviliðsmönnum.

Mengunarvarnir er þjónusta sem sveitarfélögum er skylt að sinna s.b.r. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 75/2000. Slökkviliðið hefur lágmarks búnað til að takast á við minniháttar mengunaróhöpp á landi í samstarfi við nágrennasveitarfélögin, Þingeyjarsveit, Skútustaðahrepp og Langanesbyggð. Þjálfaður hefur verið mannskapur í að takast á við mengunaróhöpp á landi. Þessum þætti verður eingöngu sinnt út frá Húsavík. Í stærri atburðum er leitað eftir sérhæfðari aðstoð og búnaði frá Slökkviliði Akureyrar.

Áætlun vegna mengunarslysa hefur verið gerð og er hluti af viðbragðsáætlun vegna hópslysa á starfsvæði almannavarnanefndar Þingeyinga.

Búnaður til björgunar á fastklemmdu fólki er til staðar á öllum útkalls stöðvum liðsins allar stöðvar hafa fengið þjálfun í meðferð búnaðarins.

Við almannavarnaaðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna.



Mynd 1. Skipurit Slökkviliðs Norðurlþings

3.2. Forvarnarstarf

Dagleg umsýsla forvarnadeildar heyrir undir slökkviliðsstjóra. Gera skal kröfu um að slökkviliðsstjóri hafi starfsréttindi samkvæmt 2. mgr. 15. og 3. mgr. 17. grein laga nr. 75. / 2000. Reikna má með að í forvarnarstarfi sé a.m.k. 1,0 stöðugildi til að sinna eldvarnareftirliti í samræmi við reglugerð um eldvarnareftirlit nr. 747/2018 og er starfssviðið tvennskonar:

- *skoðunarsvið*
- *tæknisvið*

Helstu verkefni forvarnadeildar eru:

- *ráðgjöf til hönnuða*
- *skoðun teikninga bygginganefndar*
- *úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga, sjá nánar lista í viðauka*
- *umsögn vegna veitinga- og gististaða*
- *sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum*
- *fræðsla fyrir almenning um eldvarnir*
- *fræðsla í skólum um eldvarnir*
- *slökkviliðsstjóri hefur setu rétt á fundum byggingarnefndar*
- *fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnadeildar er í höndum slökkviliðsstjóra.*

Eldvarnareftirliti er sinnt í fullu starfi í sveitarfélaginu. Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti í dag skal vera löggiltur eldvarnareftirlitsmaður I, II; III og hefur hlotið menntun á því sviði hjá Brunamálaskólanum.

Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir brunamálaskólans. Starfsmaður skal vera nokkuð upplýstur um allar nýjungar varðandi hinar ýmsu reglur og reglugerðir.

Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792 /2001 sem eldvarnareftirlitsmaður I, II, III, lista yfir skoðunarskilda staði er að finna í fylgiskjali aftast í áætluninni.

3.3. Útkallsstarf

Útkallsdeild skiptist í þrjár útkallsstöðvar. Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Dagleg umsýsla tækni- og þróunarsvið og útkallssvið heyrir undir slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Sólarhrings bakvakt er á öllum útkallsstöðum slökkviliðs Norðurþings. Á Húsavík eru 5 menn á bakvakt og tryggt að í fyrstu útkallseiningu mæta ávallt stjórnandi, dælumaður, stjórnandi reykkafara og tveir reykkafarar. Á Kópaskeri og Raufarhöfn er varðstjóri á vakt allan sólarhringinn og treystir á hlutastarfandi hóp í útköllum. Samningar við nágretta sveitarfélög tryggja viðbótarmannskap ef á þarf að halda í útköllum.

Á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn geta allir slökkviliðsmenn sinnt slökkvistörfum utanhúss. Að lágamarki er reynt að hafa 12 menn með réttindi reykkafara á Húsavík, á Kópaskeri eru 5 og á Raufarhöfn eru 5. Á Húsavík hafa 12 menn fengið þjálfun í notkun björgunartækja, 6 á Kópaskeri og 6 á Raufarhöfn. Mengunarbúnaður er geymdur á Húsavík og 10 menn hafa fengið þjálfun í notkun hans. Lágmarksbúnaður er til á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Leiðarkerfi er í bílum liðsins til nota á leið í útköll en slökkviliðsmenn eru almennt nokkuð kunnugir um héraðið og rata um vegi sveitarfélagsins, einnig eru landakort af svæðinu og er notast við þau ef á þarf að halda. Í öllum slökkvibílum eru staðháttalýsingar af hverjum sveitarbæ með upplýsingum um vatnsból og allar byggingar. Í bílunum eru einnig kort með staðsetningu brunahana í Norðurþingi.

Mengunarvarnardeild er útbúin grunnbúnaði til að takast á við þekkt eitur og spilliefni sem vitað er að eru á starfssvæðinu eða fara um það. Unnin hefur verið viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa.

3.3.1. Tækni- og þróunarsvið

Skipulag

Tækni- og þróunarsvið er skipt upp í fjögur starfssvið:

- *slökkvilið*
- *almannavarnir*
- *tæki og búnaður*
- *umhverfis og mengunarvarnir*

Slökkviliðsstjóri, Varaslökkviliðsstjóri og Aðalvarðstjóri stýra ofangreindum starfssviðum og starfsmenn sinna tilfallandi verkefnum sem þeim eru látinn í hendur.

Helstu verkefni

Tækni- og þróunarsvið samþæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við mótaða stefnu liðsins sem er að uppfylla ávallt þær kröfur sem gerðar eru út frá skilgreindu þjónustustigi liðsins og breyttum áherslum í samfélaginu. Það leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur.

Helstu verkefni eru á sviði:

- *björgunar- og slökkvistarfa og æfingar og þjálfun starfsmanna*
- *viðbragða vegna mengunarslysa*
- *umhirðu húsnæðis*
- *umhirðu bifreiða og búnaðar*
- *almannavarna*
- *viðhalds og prófunar á fjarskiptakerfum*

3.3.2. Útkallssvið

Skipulag

Á útkallssviði eru 8 starfseiningar samkvæmt eftirfarandi skipulagi;

- útkallseining: Húsavík - 65-HÚS-ELDUR (Allir)
- útkallseining: Húsavík - 65-HÚS-TJÖRNES (hálf lið)
- útkallseining: Húsavík - 65-HÚS-REYKJAHVERFI (hálf lið)
- útkallseining: Húsavík - 65-HÚS-TÆKJA (10 menn)
- útkallseining: Húsavík - 65-HÚS-EITUR
- útkallseining: Kópasker - 65-KÓP-ELDUR (Allir)
- útkallseining: Kópasker - VETTVANGSLIÐAR (10 menn)
- útkallseining: Raufarhöfn - 65-RAU-ELDUR (Allir)
- útkallseining: Raufarhöfn - VETTVANGSLIÐAR (10 menn)

Helstu verkefni

Útkallssvið hefur tvö megin þjónustuhlutverk:

- slökkvi- og björgunarstörf
- eftirlit tækja og búnaðar

Helstu verkefni eru:

- slökkvistarf
- viðbrögð við umhverfisslysum
- björgun vegna umferðaróhappa
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- slökkvistarf í skipum

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsdeildar er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri og aðalvarðstjóri bera faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra og eru varðstjórar við stjórnun á vettvangi.

Fjöldi slökkviliðsmanna er um 60 í heildina og skiptast nánast jafnt á alla útkallsstaði liðsins en í dag eru þrír af þeim í fullu starfi. Á Húsavík sjá slökkviliðsstjóri, vara slökkviliðsstjóri og aðalvarðstjóri um búnað slökkviliðsins og er það innifalið í greiðslum til þeirra.

Á Kópaskeri og Raufarhöfn sjá varðstjórar og bakvaktarmenn um sömu hluti þar. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma.

Í samræmi við menntun, þjálfun, þjónustustig og öryggi slökkviliðsmanna mun liðið uppfylla kröfur þjónustustigsins. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbifreiðum og aðrir ekki færir um að stunda reykjöfun. Aðgerðarskipulag í útköllum hjá slökkviliði Norðurlþings á Húsavík er með þeim hætti að aðalvarðstjóri stjórnar reykjöfunarhópi liðsins á vettvangi og varðstjóri 1 vatnsöflunarhópi.

Á Kópaskeri og Raufarhöfn stjórna varðstjórar eða staðgenglar þeirra öllum hópnum í útköllum. Í útköllum skipuleggur stjórnandi hvert verkefni manna er á ákveðnum stöðum. Slökkviliðsmenn hafa sótt námskeið á vegum Brunamálaskólans fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn svo og endurmenntunarnámskeið.

Allir nýjir slökkviliðsmenn liðsins fara í fjarnám í brunamálaskólanum og ljúka þar grunnnámi fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn. (sjá fylgiskjal, staða menntunar slökkviliðsmanna hjá SN 31-12-2019). Menntun, þjálfun og mönnun skal ávallt vera í takt við skilgreint þjónustustig liðsins samkv. 2 kafla. Menntunaráætlun liðsins gerir ráð fyrir því að allir slökkviliðsmenn liðsins ljúki grunnnámi slökkviliðsmanna og hljóti löggildingu.

3.4. Önnur verkefni

Slökkviliðið sinnir aðstoðarbeiðnum við hin ýmsu verkefni þegar eftir því er leitað.

3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Í stjórnstöð slökkviliðsins á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn eru Tetra stöðvar og einnig VHF talstöðvar á tíðnum slökkviliðsins og björgunaraðila. Þar eru einnig fastlínusímar. Neyðarsvörun er í höndum Neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um alla slökkviliðsmenn sem skráðir eru í bjargir og sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum. Hlutverk slökkviliðs Norðurljósa í almannavá eru skilgreind í viðbragðsáætlunum almannavarna.

3.5.1 Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir Þingeyinga AVP og Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVP. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru t.d. virkjun viðbragðsáætlana, meiriháttar mengunarslys á svæðinu t.d. ammoníakleki í, Sláturhúsi Norðlenska meiriháttar bruni eða rýming á Heilbrigðisstofnunni eða náttúruvá. Slíkar boðanir eru sendar út með SMS skilaboðum úr bjargargrunni til þeirra boðhópa sem þurfa þykir.

3.5.2 Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna.

3.5.3 Boðunartími

Neyðarlínan sér um boðun á slökkviliðinu með SMS skilaboðum. Boðunin er gerð samkvæmt forskrifuðum fyrirmælum í bjargargrunni. Viðmiðið sem notast er við, er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn úr stöð innan fimm mínútna miðað við eðlilegar aðstæður ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Varðandi slökkviliðið sér slökkviliðsstjóri um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap.

SN gerir ekki greinarmun á boðun slökkviliðs vegna almannavarnar ástands.

3.5.4 Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 30 sek. frá því að dælubíll með 5 mönnum stöðvar við eldstað. Er þessi ferill æfður og tímatekinn a.m.k. fjórum sinnum á ári. Allt slökkvistarf á að vera komið í gang innan þriggja mín. frá því að slökkviliðið kemur á staðinn.

3.5.5 Viðbragðstími



Viðbragðstíma er skipt upp í fjögur tímabelti og flokka (sjá mynd). Í fyrsta tímabeltinu, flokki I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (grænt), í tímabelti tvö, flokki II, eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (gult) í þriðja tímabeltinu, flokki III, eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. (rautt) í fjórða tímabeltinu, flokki IV, eru aðgerðir hafnar innan 60 mín. Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti.

Gerðar eru auknar kröfur um brunavarnir á stöðum utan 15 mínútna útkallssvæðis. Fyrirtæki utan 15 mínútna viðbragðs eru heimsóttir reglulega og skoðaðir af eldvarnareftirliti í þeim skoðunum er m.a. virkni brunaviðvörðunarkerfa, slökkvitæki og rýmingarleiðir skoðaðar. Íbúar og eigendur fyrirtækja á þessum stöðum eru gerðir meðvitaðir um viðbragðstíma slökkviliðsins og því gerð aukin krafa um brunavarnir og eigið eldvarnareftirlit til að tryggja rýmingu mannvirkjanna áður en utanaðkomandi aðstoð berst.

3.6. Útkallstími

Fylgiskjöl Viðbragðstími

Húsavík



10 mín


15 mín

20 mín

60 mín

Fylgiskjal Viðbragðstími

Kópasker



Brunavarnarsvæði

10 mín


15 mín

20 mín

60 mín

Fylgiskjal Viðbragðstími

Raufarhöfn



Brunavarnarsvæði

10 mín

15 mín

20 mín

60 mín

4. Húsnæði og tækjabúnaður

Allir útkallsstaðir liðsins eru útbúnir öllum þeim búnaði sem þurfa þykir á viðkomandi svæði og mannskapur er til að nota. Þetta er gert til þess að sem best nýting fái úr búnaðinum og því fjármagni sem fæst til búnaðarkaupa.

Hér á eftir eru upplýsingar um húsnæði, bifreiðar og annan búnað SN. Fjármagnsstefna, endurnýjunaráætlun og fjármagn til rekstursins er ákveðið af sveitarstjórn Norðurþings í samþykktum fjárhagsáætlunum hvers árs. Búnaður er ekki afskrifaður í samræmi við lög og reglugerðir.

Í 23. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 kemur fram að varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýttast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úrelðingar, slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætlunum endingartíma þeirra. Í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 er fjallað um fyrnanlegar eignir. Þar kemur fram að fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir sem rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Á meðal þess sem þar er talið upp eru bifreiðar, vélar og tækjabúnaður. Þar kemur fram að fyrning skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks og skal fyrir bifreiðar og annað lausafé vera að lágmarki 20%, að hámarki 35%.

Áætlaður heildar rekstrarkostnaður er um kr. 80.000.000.- á árinu 2020

4.1. Húsnæði

Slökkvistöðvar Slökkviliðs Norðurþings eru þrjár:

- Á Húsavík að Norðurgarði 5
- Á Kópaskeri að Bakkagötu 12
- Á Raufarhöfn Höfðabraut 1

Slökkvilið Norðurþings leigir slökkvistöðvarnar af Eignasjóði Norðurþings.

Húsavík Norðurgarður 5

Slökkvistöðin á Húsavík er byggð árið 2019 og er 1.017,2 m². Steinsteyptur mannvistarhluti 308,9 m² sem skiptist í búningaáðstöðu, baðaðstöðu, saunaklefa, skrifstofur, stjórnstöð, hvíldarherbergi og kaffistofu. 708,25 m² Stálgrindarhús klætt með samlokueiningum með 7 útkeyrsluhurðum. Í bílasal eru sjö 25 m² aðstöðurými fyrir þvott á slökkvigöllum, þurrkrými, loftpressurými, tæknirými, hleðsluherbergi, geymsla og verkstæði.

Kópasker Bakkagötu 12

Slökkvistöðin á Kópaskeri er steinsteypt, einangrað með steinull. Innanhúsklæðning er gipsplötur klæddar með bærustáli. Húsið var byggt árið 1964 sem trésmiðja. Samtals er slökkvistöðin um 200 m². Aðstaðan var standsett fyrir slökkviliðið 2019. Húsið er hitað upp með hitaveitu. Ástand húsnæðis er mjög gott.

Raufarhöfn Höfðabraut 1

Slökkvistöðin á Raufarhöfn er stálgrindarhús á steypum undirstöðum. Byggt árið 2008 og er 118 m². Milli stálramma koma tréasar klæddir að utan sem innan með lituðu stáli. Húsið er einangrað með steinull. Rýmið er óskipt og þar er aðstaða fyrir eina slökkvibifreið og einn sjúkrabíl. Búningaáðstaða fyrir slökkviliðs og sjúkraflutningamenn ásamt snyrtingu og fundarherbergi.

Bifreiðar

Rekstur bifreiða er á reikning SN í fjárhagsáætlun.

- Sá afskriftatími sem stuðst er við varðandi bifreiðar er ekki í samræmi við lög. Bifreiðar slökkviliða eru forgangs og neyðaraksturs tæki sem þurfa öllum stundum að uppfylla ítrustu kröfur um öryggi og notagildi í takt við kröfur samfélagsins sem þeim er ætlað að þjóna.

Húsavík:

- **Iveco Magirus Deutz 16-25 dælubíll árgerð 1992**, ekinn 13.600 km, með 2.400 l tank og 4.200 l/min. dælu. Léttvatnstankur 100 l. Ástand gott, aldrifsbifreið þjónar hlutverki sínu. Áætlaður afskriftatími 30 ár (1992-2022). Stefna ber að endurnýjun árið 2020. Eignarhald Norðurþing.
- **Man 19-320 tankbíll árgerð 1991** aldrifsbíll, ekinn 565.000 km. með 7400 l vatnstank og 3.200 l/min. dælu. Viðhald hefur verið mjög gott og endurnýjun mikil. Útbúinn sem slökkvibíll 2001. Ástand bifreiðar og tanks er þokkalegt. Áætlaður afskriftatími 30 ár (1991-2021). Stefna ber að endurnýjun fyrir árið 2022. Eignarhald Norðurþing.
